

M-62/2017. Álit 11. apríl 2018.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 11. apríl 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-62/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 5. september 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna meints galla í bifreið sem upphaflega hafði verið keypt af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst þess að seljandi greiði hluta af viðgerðarkostnaði.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 27. október 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur í því skyni. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild og nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 6. apríl 2018, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi er eigandi bifreiðarinnar XX-000, af gerðinni Skoda Oktavia, árgerð 2013. Samkvæmt gögnum málsins var bifreiðin keypt ný hjá seljanda í lok maímánaðar 2013 af öðrum aðila en álitsbeiðandi festi síðar kaup á bifreiðinni, þ.e. með kaupsamningi dags. 18. maí 2016. Í marsmánuði 2017, þegar bifreiðinni hafði verið ekið um 60.000 km., munu aðvörunarljós hafa farið að loga í mælaborði bifreiðarinnar. Kveðst álitsbeiðandi hafa farið með bifreiðina í tölvuafllestur hjá nánar tilgreindu bifvélaverkstæði þar sem í ljós hafi komið gallaður vír í ABS stjórnboxi sem hafi farið í sundur við skoðun viðgerðaraðila. Vísar álitsbeiðandi til þess að viðkomandi viðgerðaraðili hafi reynt að fá kostnað vegna viðgerðarinnar bættan frá seljanda. Hafi seljandi hafnað að taka þátt í viðgerðarkostnaði, þrátt fyrir að hafa viðurkennt að um galla væri að ræða, þar sem bifreiðin væri ekki í ábyrgð vegna aldurs auk þess sem bilunin væri ekki algeng. Samkvæmt málalíbúnaði álitsbeiðanda mun kröfu um greiðslu viðgerðarkostnaðar hafa verið endanlega hafnað af hálfu seljanda þann 31. ágúst 2017. Samkvæmt reikningi, sem liggur fyrir í gögnum málsins, nam viðgerðarkostnaður álitsbeiðanda vegna bilunarinnar að fjárhæð 166.700 krónur með virðisaukaskatti.

Álitsbeiðandi krefst þess fyrir kæruneftndinni að seljandi greiði hið minnsta helming viðgerðarkostnaðar. Vísar álitsbeiðandi til þess að upplýsingar um bilanaleit hafi farið í gegnum gagnagrunn seljanda sem auðveldi aðilanum leit að slíkri bilun í samskonar bifreiðum. Þá eigi rafmagnsvírar sem ekki hafi orðið fyrir hnjaski að endast líftíma bifreiðarinnar eða í öllu falli lengur en þrjú ár og níu mánuði.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Af gögnum málsins og upplýsingum

um fyrstu kaup á bifreiðinni XX-000 í kjölfar nýskráningar hennar þann 28. maí 2013 verður ráðið að ágreiningur aðila falli undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.), sbr. 1. – 3. mgr. 1. gr. laganna.

Líkt og að framan er rakið er álitsbeiðandi eigandi bifreiðarinnar XX-000 af gerðinni Skoda Oktavia, árgerð 2013. Um þremur árum og níu mánuðum eftir að bifreiðin var nýskráð kom í ljós bilun í ABS stjórnboxi sem lýsti sér þannig að rafmagnsvír var tættur og slitnaði. Seljandi hefur að sögn álitsbeiðanda hafnað að taka þátt í viðgerðarkostnaði en álitsbeiðandi krefst þess að seljandi beri a.m.k. helming kostnaðarins.

Um eiginleika söluhlutar, galla o.fl. er kveðið á um í IV. kafla laga nr. 48/2003. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laganna skal söluhlutur, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi. Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til og hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað, sbr. a. og b. lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. Samkvæmt a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. telst söluhlutur vera gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. nkpl. skal við mat á því hvort söluhlutur er gallaður miða við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flyst yfir til neytenda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar. Seljandi ber þó einnig ábyrgð á galla sem fram kemur síðar ef ástæðu gallans má rekja til vanefnda af hans hálfu, sbr. 3. mgr. 18. gr. nkpl. Sama á við þegar seljandi hefur með ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum hætti ábyrgst að hluturinn hafi tiltekna eiginleika eða að hlut megi nota með venjulegum eða sérstökum hætti tiltekinn tíma eftir afhendingu. Um áhættuflutning er kveðið á um í 14. gr. laganna en samkvæmt meginreglu 1. mgr. ákvæðisins flyst áhættan yfir til neytenda þegar söluhlutur hefur verið afhentur í samræmi við ákvæði 7. gr. laganna.

Á grundvelli gagna málsins og málatilbúnaðar álitsbeiðanda verður að mati nefndarinnar að leggja til grundvallar að viðkomandi bifreið hafi verið fallin úr ábyrgð seljanda í marsmánuði 2017 þegar bilunarinnar varð vart. Samkvæmt því verður við mat á því hvort bifreiðin hafi verið haldin galla í skilningi laga nr. 48/2003 að miða við það tímamark þegar áhættan af henni fluttist yfir til kaupanda við upphaflega afhendingu bifreiðarinnar þann 28. maí 2013.

Ákvæði 2. mgr. 27. gr. nkpl. mælir fyrir um tilkynningarfrest vegna galla á söluhlut. Ákvæðið er svohljóðandi:

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. másl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Telja verður að bifreiðum sé í flestum atriðum ætlaður lengri endingartími en gildir um söluhluti almennt og því geti fimm ára tilkynningarfrestur samkvæmt 2. mgr. 27. gr. nkpl. átt við ef gallar koma upp í bifreiðum og tilkynnt er um þá innan frestsins. Þá álitur kærunefndin að álitsbeiðanda sé unnt að byggja á kröfu þeirri sem upphaflegur kaupandi bifreiðarinnar hafði gagnvart seljanda samkvæmt 35. gr. nkpl. og því geti fimm ára tilkynningarfrestur átt við í málinu, sbr. 3. mgr. 35. gr. nkpl.

Hvað sem því líður þá liggur fyrir að sönnunarbyrði hvílir á álitsbeiðanda um að bifreiðin hafi verið haldin galla í skilningi laga nr. 48/2003 við upphaflega sölu hennar og áhættuflutning.

Þrátt fyrir að bifreiðar og helstu aukahlutir þeirra eigi almennt að endast í lengri tíma en tvö ár þá verður ekki fram hjá því litið að endingin getur farið verulega eftir notkun og viðhaldi bifreiðar hverju sinni. Ber álitsbeiðanda því einnig að sýna fram á að ekki sé um eðlileg slit að ræða vegna notkunar í tæplega fjögurra ára gamalli bifreið en þess er að gæta að álitsbeiðandi varð fyrst var við hinn meinta galla á þeim tíma, en bifreiðinni hafði þá verið ekið tæplega 60.000 km.

Að teknu tilliti til gagna málsins sem og með hliðsjón af atvikum öllum er það mat nefndarinnar að álitsbeiðandi hafi ekki sýnt fram á að viðkomandi bifreið hafi verið haldin galla í skilningi IV. kafla laga nr. 48/2003 við upphaflega sölu hennar og áhættuflutning á árinu 2013 sem hafi orðið þess valdandi að vír slitnaði í bifreiðinni í marsmánuði 2017.

Samkvæmt því og þar sem sönnunarbyrði í þessum efnum hvílir á álitsbeiðanda getur nefndin ekki fallist á kröfu aðilans í máli þessu enda ósannað að bifreiðin hafi verið haldin galla við upphaflega sölu hennar og áhættuflutning.

V

Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Sölvi Davíðsson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson